

## 54. fundur

Hafnarstjórn Stykkishólms hélt fund mánudaginn 20. ágúst 2007 kl. 20.00 í Ráðhúsinu. Mætt voru Símon Sturluson, formaður, Hrannar Pétursson, hafnarvörður, Kristinn Ó. Jónsson, Guðbrandur Björgvinsson, Alfreð Viktor Þórólfsson og Erla Friðriksdóttir, hafnarstjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Erindi Sæferða og Narfeyrarstofu um þjónustubyggingu og veitingastað við Árnasteina.  
Hafnarstjórn bendir á að ekki er fyrirbyggjandi deiliskipulag af höfninni og þ.a.l. ekki hægt að úthluta lóð í höfninni. Erindið samræmist heldur ekki framtíðarsýn hafnarinnar sem stýrihópur um mótun framtíðarsýnar fyrir Stykkishólmshöfn er að móta. Hafnarstjórn leggur til að höfnin verði deiliskipulöð sem fyrst og hafð verði í huga aðstaða fyrir þessa þjónustu.
2. Viðlegur við nýju flotbyggjurnar.  
Samþykkt að leigja bása við nýju flotbyggjuna frá 1. september n.k.
3. Hafnarfundur á Ísafirði 14. september.  
Dagskrá hafnarfundar framlögð.
4. Bókun Hafnarsambandsins um skerðingu aflaheimilda. Bókun framlögð.  
Hafnarstjórn leggur áherslu á að fjölgun viðlegu fyrir smábáta verði flýtt eins og mögulegt er til að auka tekjur hafnarinnar. Enda fyrirséð 30% skerðing á tekjum hafnarinnar vegna aflagjalda vegna skerðingar á aflaheimildum. Þrátt fyrir fjölgun um 12 viðlegur fyrir smábáta með tilkomu nýju flotbyggjunnar er strax kominn biðlisti eftir fleiri plássum.
5. Önnur mál.  
Formaður gerði grein fyrir ársreikningi fyrir árið 2006.

Bréf Landhelgisgæslu Íslands dags. 15. júní 2007 varðandi dýptarmælingar og gerð sjókorta á innanverðum Breiðafirði. Bréf framlagt.

Fundargerð upplesin og samþykkt.  
Fundi slitið kl. 21.25.

Erla Friðriksdóttir (sign),  
Guðbrandur Björgvinsson (sign),  
Alfreð Viktor Þórólfsson (sign),  
Kristinn Ó. Jónsson (sign),  
Hrannar Pétursson (sign.),  
Símon Sturluson (sign.).